

A 1795/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um norræna framkvæmdaáætlun á sviði útivistar

Tillaga

Þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að samin verði norræn framkvæmdaáætlun á sviði útivistar sem byggð verði á liðunum sjö í nefndarálitinu,
að Norræna ráðherranefndin láti rannsaka eftirtalið: Tengsl útivistar og lýðheilsu á Norðurlöndum, þ.e. hvað er unnt að gera til að fá fleiri börn, ungmenni og fullorðna til að taka þátt í útivistarstarfi? Jafnframt verði rannsakað hvers vegna sumir kjósa að stunda ekki útivist — eru einhverjar hindranir í vegi fyrir því? Og hvernig geta fleiri tekið þátt í útivistarstarfi án þess að náttúruspjöll hljótist af?
að tekið verði til athugunar að skipuleggja samnorrænt útivistarár á næstu árum. Sjónum yrði þá beint að útivist á Norðurlöndum á breiðum grundvelli með ýmsum viðburðum og málþingum og íbúum landanna yrði gert kleift að stunda fjölbreyttara útivistarstarf í því skyni að hvetja fólk til hreyfingar utanhúss og stuðla þannig að betri lýðheilsu.

Bakgrunnur

Þingmannatillaga um *norræna framkvæmdaáætlun á sviði útivistar* var lögð fram af hálfu flokkahóps jafnaðarmanna á fundi þekkingar- og menningarnefndarinnar í apríl 2019. Mörgum Norðurlandabúum er mikilvægt að geta notið náttúrunnar og nálægðarinnar við skóg og óbyggð svæði. Náttúran eykur vellíðan okkar og rannsóknir sýna að útivist á víðavangi dregur úr streitu. Eftir 4–5 mínútna dvöl úti í náttúrunni lækkar bæði hjartsláttur og blóðþrýstingur og minna mælist af streituhormónum í líkamanum. Hreyfing úti í náttúrunni hefur afar góð áhrif á heilsuna. Undir útivisti falla til að mynda göngur utanhúss, reiðhjólaferðir, gönguferðir á víðavangi, siglingar, útreiðar, skíðaiðkun og skautaferðir. Afraksturinn er heilbrigð líkamleg hreyfing, afþreying og aukin þekking á náttúrunni.



Það er af hinu góða að áhugi á útivist skuli fara vaxandi á Norðurlöndum og að æ fleiri skuli sækja út í náttúruna í leit að upplifunum, frístundastarfi og meiri lífsgæðum. Náttúrutengd ferðamennska færir einnig í aukana á Norðurlöndum. Það er æskilegt að mörgu leyti en því fylgir jafnframt að nauðsynlegt er að huga að náttúruvernd og uppbyggingu mannvirkja og innviða á fjölförnum stöðum. Vaxandi þörf er á að huga að hvers kyns sorphirðu, svo dæmi sé tekið. Mikilvægt er að skipuleggja þessi mál sérstaklega.

Til þess að standa vörð um útivist, fjölga þeim sem hreyfa sig utanhúss og vernda náttúruna ber að semja norræna framkvæmdaáætlun á sviði útivistar og fella undir hana eftirtalin atriði meðal annarra:

1. Rannsóknir. Útivist á Norðurlöndum hefur fremur lítið verið rannsökuð og rannsóknir sem þó hafa farið fram hafa fyrst og fremst beinst að iðkendum. En til þess að geta laðað fleiri út í náttúruna væri áhugavert að taka fyrir efnið „útivist og lýðheilsa“, þ.e. að svara því hverjir sækjast ekki eftir útivist. Eru einhverjar hindranir í vegi fyrir því að stunda útivist? Hvernig getum við hvatt börn og ungmenni til þátttöku í útivist? Og hvernig geta fleiri tekið þátt í útivistarstarfi án þess að náttúruspjöll hljóttist af?
2. Hlúð að frjálsum félagasamtökum á sviði útivistar. Að útivistarsamtökum á Norðurlöndum standa fjölmargar stjórnir, leiðtogar og áhugasamt félagsfólk. Virk þátttaka á vettvangi slíkra stofnana leiðir af sér auðugra félagslíf með kunningjum og vinum, starfsemi af ýmsu tagi og aukna þekkingu á lýðræðisstarfi í félögum. Mikilvægt er þó að sjá einnig til þess að lög og reglugerðir þrengi ekki að möguleikum frjálsra félagasamtaka til að starfa og koma viðfangsefnum sínum til leiðar.
3. Aukin ferðamennska. Vöxtur í náttúrutengdri ferðamennsku á Norðurlöndum er af hinu góða, einkum með hliðsjón af því gagni sem fólk getur haft af útivist. Sá vöxtur hefur þó einnig í för með sér meiri áhrif á náttúruna þegar fleiri dveljast úti við. Mikilvægt er að standa vörð um almannaréttinn til þess að landeigendur þrengi ekki að fararrétti almennings. Einnig er áriðandi að vernda gróður sem vex meðfram gönguleiðum til þess að hann verði ekki troðinn niður. Þegar fleiri leita út í náttúruna eykst jafnframt þörfin á bílastæðum, salernum, ruslafötum og sorphirðuþjónustu. Ekki hefur alltaf tekist að láta slíka uppbyggingu fylgja aukinni eftirspurn, og stundum er einnig óljóst hver á að bera kostnaðinn af uppbyggingunni. Mikilvægt er að skýra þessi mál, þ.e. hver skuli bera ábyrgð á hverju atriði fyrir sig.



4. Loftslagsmál og gróðurhúsaáhrif. Fyrir liggja margar rannsóknaskýrslur sem bera vott um að miklar loftslagsbreytingar eiga sér stað um þessar mundir og að nauðsynlegt er að draga úr flugferðum. Í stað þess að halda í sumarleyfið með flugi eru fjölmargir möguleikar á að njóta frísins í heimahögum. Það er hægt að gera til dæmis með því að sigla milli eyja í skerjagarðinum, fara í fjallgöngur eða gista á farfuglaheimilum í fögru umhverfi. Stofnanir á sviði ferðamála gætu fengið það verkefni að dreifa upplýsingum um hvernig nýta má sumarleyfið á loftslagsvænan hátt. Loftslagsins vegna væri mikill ávinningur að því ef Norðurlandabúar sæju sér fært að njóta sumarleyfisins nærri heimahögum í stað þess að ferðast um langan veg í því skyni.
5. Aðlögunarmál. Árið 2015 kom mikill fjöldi manna til Norðurlandanna á flóttu undan stríðsátökum og kúgun. Mikilvægt er að fólk sem er nýkomið til landanna aðlagist sem fyrst og verði þannig hluti af samfélaginu. Starf í félagasamtökum—en útivistarmál falla undir það—er góður vettvangur til þess að bjóða fólk velkomið. Útivistarsamtök í Svíþjóð fengu auknar fjárveitingar til þess að geta tekið þátt í að bjóða nýja íbúa landsins velkomna í sænskt samfélag. Æskilegt er að útivistarsamtökum hvarvetna á Norðurlöndum verði gert kleift að vinna áfram að aðlögun nýrra íbúa landanna.
6. Kennsla. Fella ber útivist inn í námskrá skólanna og nám í kennaraháskólum til þess að kennarar öðlist nægilega þekkingu á því hvernig nota má útivist í fræðsluskyni og hvernig náttúran getur nýst sem kennslustofa. Hér er einnig í veði þekking komandi kynslóða á því hvernig vinna má gegn loftslagsbreytingum, vernda náttúruna, efla heilsuna og skapa betra lærdómsumhverfi.
7. Borgarskipulag. Öllum ber réttur til að dveljast í náttúrunni og á grænum svæðum, óháð búsetu. Því styttra sem er milli heimilis og gönguleiða, leikvalla eða hlaupastíga þeim mun auðveldara er að halda uppi líkamlegri hreyfingu. Til að standa vörð um græn svæði er því nauðsynlegt að virkja almenning, og þá einnig börn og ungmenni, í vinnu við borgarskipulag.

Sjónarmið nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefndin lýsir sig fylgjandi tillögu flokkahóps jafnaðarmanna um framkvæmdaáætlun á sviði útivistar. Nefndin hefur sinnt útivistarmálum um langt skeið, meðal annars með samþykkt tilmæla 10/2014, *Útivistarlíf barna og ungmenna á Norðurlöndum*, sem leiddu til samningar skýrslu með heitinu *Nordic Outdoor Life* á vegum útivistarsamtaka á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) og norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) stóðu undir kostnaði við gerð þeirrar skýrslu og var hún lögð til grundvallar þessu nefndarálit. Í skýrslunni kemur skýrt fram hvaða áhrif og þýðingu það hefur í hversdagslífi fólks að geta iðkað útivist og hversu mikilvægt er að stuðla að verndun og þróun útivistar, jafnt innan bæjar sem utan, til þess að skapa sjálfbærara samfélag. Nefndarmenn vildu láta það koma skýrar fram að í rannsóknunum sem þeir töldu að fram þyrftu að fara bæri fyrst og fremst að



kanna hvaða hindranir eru fyrir því að fólk sæki í útivist og móta tillögur um hvernig ryðja má slíkum hindrunum úr vegi.

Tillagan tengist ýmsum málaflokkum sem Norðurlandaráð hefur sett á oddinn, en meðal þeirra eru: heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sjálfbær ferðaþjónusta, loftslagsbreytingar, málefni barna og ungmenna, aðlögunarmál, lýðheilsa og rannsóknir. Sjálfbær ferðaþjónusta og málefni barna og ungmenna eru einnig áhersluatriði í formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni. Tillagan varðar þannig allmörg af samstarfssviðum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Helsingfors, 3. september 2019

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)

Aron Emilsson (SD)

Daniel Riazat (V)

Edmund Joensen (sb)

Erlend Wiborg (FrP)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

Lars Mejern Larsson (S)

Magnus Jacobsson (KD)

Marianne Synnes (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)

Veronika Honkasalo (vänst)